

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 20. júlí 1976

um fjórðu breytingu á tilskipun ráðsins 73/241/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis**(76/628/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 73/241/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kakó- og súkkulaðivörur til manneldis ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 75/155/EBE ⁽⁴⁾, er kveðið á um að ákveða skuli síðar einstaka þyngdarflokka fyrir vörur úr kakódufti.

Ákveða ber þyngdarflokka til að tryggja að upplýsingar um markaðinn liggja ljósar fyrir og draga eins og hægt er úr þeirri hættu að villt sé um fyrir neytendum með vöruvigt sem lítill munur er á.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 73/241/EBE komi eftirfarandi:

„2. Þegar vörum úr kakódufti, sem um getur í liðum 1.8 – 1.13 í I. viðauka, er pakkað í einingar að nettóþyngd 50 g stykkið eða meira, en ekki yfir 1. kg, skulu þær aðeins settar á markað í eftirfarandi nettóþyngdum: 50 g, 75 g, 125 g, 250 g, 500 g, 750 g og 1 kg“.

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 280, 8. 12. 1975, bls. 69.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 15, 22. 1. 1976, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 228, 16. 8. 1973, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 64, 11. 3. 1975, bls. 21.

Innan eins árs frá birtingu þessarar tilskipunar skulu aðildarríki, ef þörf er á, breyta lögum sínum í samræmi við

Þessa tilskipun og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Þeim lögum sem þannig er breytt skal beitt þannig að:

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

- markaðssetning á vörum sem eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði heimil innan tveggja ára frá birtingu hennar
- markaðssetning á vörum sem ekki eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar verði bönnuð eigi síðar en sjö árum eftir birtingu hennar.

Gjört í Brussel 20. júlí 1976.

Fyrir hönd ráðsins,

A. P. L. M. M. van der STEE

forseti.